



Aðalstjórn UMF Stjörnunnar

Stjórnarfundur haldinn í Stjörnuheimilinu þriðjudaginn 9.09.2014 kl. 17:15

Mættir: Jóhann Steinar Ingimundarson (JSI), Sigurður Bjarnason (SB), Viðar Erlingsson (VE), Þorsteinn Þorbergsson (ÞÞ) Einnig sat fundinn Jóhannes Egilsson framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerðina og Páll Grétarsson fjármálastjóri

Fundargerð

1. Fundargerð síðasta fundar

- Fundargerð aðalstjórnarfundar frá 10. júní var lögð fyrir og samþykkt.
- Einnig voru staðfestir tveir stjórnarfundir, 31. Júlí og 14. Ágúst sem fóru fram með tölvupósti vegna hækkunar á yfirdráttarheimild félagsins í tengslum við þátttöku knattspyrnudeildar karla í Evrópukeppni, nánari staðfesting sbr. lið 4 í fundargerð.

2. Sjö mánaða uppgjör

- Fjármálastjóri kynnti sjö mánaða uppgjör félagsins .
 - Aðalstjórn gerir athugasemdir við að skrifstofa félagsins samþykki útgjöld og greiði reikninga umfram fyrirbyggjandi áætlanir án þess að sækja eftir viðbótar heimild til aðalstjórnar þar að lútandi. Bent er á að í 13. gr. laga félagsins kemur fram að: „Stjórnir deildar fara ásamt framkvæmdastjóra félagsins með framkvæmdastjórn deilda og fjármálastjórn í samræmi við fjárhagsáætlun hverju sinni.“ Einnig kemur fram í 15. gr. laga félagsins að: „Fyrir upphaf hvers starfsárs skulu stjórnir deilda gera fjárhagsáætlun fyrir komandi ár sem skal lögð fyrir aðalstjórn til samþykktar. Fjárhagsáætlun sem aðalstjórn hefur samþykkt skal vera meginregla um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjármálastjórn U.M.F. Stjörnunnar á viðkomandi reikningsári. Við gerð fjárhagsáætlunar skal hafa hliðsjón af fjárhagslegri stöðu félagsins og hverrar deildar.“ ... “Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreiknings.“ ... “Til útgjalda, sem ekki eru sammingsbundin eða leiða af samþykkt aðalstjórnar U.M.F. Stjörnunnar, má ekki stofna nema til komi samþykki aðalstjórnar.“
 - Raungjöld knattspyrnudeildar fyrstu sjö mánuði ársins eru þegar farin að nálgast samþykkt útgjöld ársins 2014 sbr. fyrirbyggjandi áætlun. Skrifstofu er falið að endurskoða áætlun svo útgreiðslurammi sé til staðar út árið.
 - Aðalstjórn gerir athugasemdir við að greidd hefðu verið gjöld fimleikadeildar umfram fyrirbyggjandi heimildir.
 - Áréttað er að mikilvægt sé að skrifstofa félagsins sækji um heimild frá aðalstjórn til greiðslu reikninga með því að leggja inn endurskoðaða áætlun þegar frammúrkeyrsla er fyrirsjáanleg vegna aukningar gjalda og/eða lækkunar tekna.
 - Kallað var eftir því að birtingamynd uppgjöra verði í stöðluðu formi félagsins sem þegar hefur verið útfært þar sem einnig er leidd út staða deildar við aðalstjórn.
 - Lögð var áhersla á að bókhaldi félagsins sé lokað og biðreikningar hreinsaðir út í framlögðu yfirliti til aðalstjórnar.



- Framkvæmdastjóra er falið að fylgja eftir framgangi framangreindra ábendinga.

3. Endurskoðun áætlana

- Blakdeild – lögð fram endurskoðuð áætlun
 - Ítrekuð var beiðni þess að birtingamynd áætlana yrði í samræmdu formi.
 - Áætlun deildarinnar var samþykkt.
- Handbolti – lögð fram endurskoðuð áætlun
 - Óskað var eftir því að áætlunin yrði útlistuð nánar, lögð fram í stöðluðu formi félagsins og sýni breytingar á milli ára.
 - Áætlunin var vísað til skrifstofu til frekari úrvinnslu með það að markmiði að hún verði tekin fyrir á næsta aðalstjórnarfundum sem fyrirhugaður er þann 23. september.
- Körfubolti – lögð fram endurskoðuð áætlun
 - Óskað var eftir frekari úrvinnslu áætlunar þar sem kostnaður yrði rýndur nánar.
 - Áætlunin var vísað til skrifstofu félagsins til frekari úrvinnslu með það að markmiði að hún verði tekin fyrir á næsta aðalstjórnarfundum sem fyrirhugaður er þann 23. september.
- Fimleikar – lögð fram endurskoðuð áætlun
 - Áætlun fimleikadeildar var kynnt ásamt greinagerð frá deildinni.
 - Tekið var vel í óskir fimleikadeildar um aðstoð við að taka hluta af launum starfsmanns á skrifstofu. Framkvæmdastjóra var falið að ræða nánar við deildina með frekari útfærslu í huga.
 - Ekki er unnt að verða við beiðni um breytingu á afreksstyrk enda liggur fyrir fastmótað ferli um skiptingu afrekssjóðs.
 - Einsýnt þykir að ekki verði hjá því komist að hækka æfingagjöld deildarinnar frekar um áramót.
 - Áætlun var vísað til skrifstofu félagsins til frekari úrvinnslu með það að markmiði að hún verði tekin fyrir á næsta aðalstjórnarfundum sem fyrirhugaður er þann 23. september.
 - Einnig var áætlun aðalstjórnar vísað til skrifstofu félagsins til endurskoðunar í tengslum við frekari útfærslu á starfsmannahaldi félagsins.

4. Hækkun yfirdráttarheimildar

- Aðalstjórn undirritaði staðfestingu til Íslandsbanka vegna 45 m.kr. yfirdráttar félagsins í kjölfar þátttöku meistaraflokks karla í knattspyrnu í Evrópukeppni UEFA sumarið 2014.

5. Breytingar á stjórnnum deilda

- Lögð var fram tillaga að stjórn blakdeildar:
 - Brynja María Ólafsdóttir – Formaður



- Arnar Smári Þorvarðarson – Varaformaður/Gjaldkeri
 - Ingibjörg Baldursdóttir – Ritari
 - Halldór Sigurðsson – Meðstjórnandi
 - Emil Gunnarsson – Meðstjórnandi
 - Hannes Ingi Geirsson – Meðstjórnandi
- Aðalstjórn samþykkir framlagða stjórn blakdeildar.
 - Lagt var til venju samkvæmt að formaður og framkvæmdastjóri hitti formann og gjaldkera deildarinnar á fundi
 - Framkvæmdastjóra var falið að boða til fundarins.
- Lögð var fram tillaga að stjórn fimleikadeildar:
 - Ágústa Jóhanna Jóhannesdóttir - Formaður
 - Hanna Lóa Friðjónsdóttir - Varaformaður og formaður meistaraflokks
 - Sóley S. Stefánsdóttir - Gjaldkeri
 - Þórarinna Söebeck - Ritari
 - Guðný Hansdóttir - Starfsmannamál - samningar.
 - Hrafnhildur M. Gunnarsd. B og U áhaldafimleikar
 - Björt Baldvinsdóttir - B og U hóp fimleikar
 - Sigurbjörg Jódís Ólafsdóttir - Útgáfu - og fjölmiðlamál.
 - Aðalstjórn samþykkir framlagða stjórnna blakdeildar.
 - Lagt var til venju samkvæmt að formaður og framkvæmdastjóri hitti formann og gjaldkera deildarinnar á fundi.
 - Framkvæmdastjóra var falið að boða til fundarins.

6. Staða strandblaksvalla

- Farið var yfir verkefnið.
- Lagt var fram erindi blakdeildar þess efnis að fá fund með bæjarstjóra til að koma sínum sjónarmiðum á framfæri um strandblaksvellina og hugsanlega aðkomu að framkvæmdinni.
 - Framkvæmdastjóri gerði fundarmönnum grein fyrir því að fundur er fyrirhugaður með bæjarstjóra og íþróttafulltrúa föstudaginn 12. september.
 - Framkvæmdastjóri mun senda aðalstjórn stutta fundargerð frá fundinum.

7. Nefndarstarf

- Farið var yfir þær nefndir sem eru starfandi hjá aðalstjórn, markmið þeirra og ætluð verklok.
 - Afreksnefnd
 - Sigurður Bjarnason fer fyrir nefndinni



- Allar deildir vinni í sameiningu með að skilgreina afreksstefnu Stjórnunnar og að þeirri vinnu ljúki fyrir áramót.
 - Fjárhags- og endurskipulagsnefnd
 - Viðar Erlingsson og Þorsteinn Þorbergsson fara fyrir nefndinni.
 - Rýna núverandi skipulag og verkferla við fjármálastjórn Stjórnunnar og koma með tillögur um hvernig unnt sé að stýra fjármálum félagsins á hagkvæmari, skilvirkari og gegnsærri hátt en gert sé í dag. Markmiðið er að vinnunni verði lokið í október svo hægt sé að taka mið af henni við vinnu við ársreikning félagsins fyrir árið 2014, ætlun ársins 2015 sem og færslu bókhalds vegna ársins 2015.
 - Þátttakendur:
 - a. Ingvar Ragnarsson
 - b. Sigurhjörtur Sigfússon
 - c. Eymundur Sveinn Einarsson
 - d. Viðar Erlingsson
 - e. Þorsteinn Þorbergsson
 - f. Jóhannes Egilsson, framkvæmdastjóri, situr fundi hópsins og aðstoðar við gagnaöflun, fundarritun o.þ.h
 - Mannvirkjanefnd
 - Þorsteinn Þorbergsson og Jóhannes Egilsson fara fyrir nefndinni.
 - Markmiðið að setja upp nýja starfsmannaöstöðu í Stjörnuheimilinu og að hún verði klár fyrir áramót.
 - Önnur verkefni sem liggja fyrir eru hjá Mannvirkjanefnd:
 - a. Breyting á búningsklefaaöstöðu í stúkunni
 - b. Vallarklukka
 - c. Rekkverk á vellinum til að staðsetja auglýsingar
 - d. Aðstaða handknattleiksdeildar
8. Ályktun félagsfundar handknattleiksdeildar
- Lögð var fyrir ályktun frá félagsfundi handknattleiksdeildar þann 26. ágúst.
 - Aðalstjórn felur framkvæmdastjóra að koma ályktunni í hendur bæjaryfirvalda sbr. tillögu félagsfundarins.
9. Leyfi til að nefna ípróttahúsið Mýrinni nafni styrktaraðila
- Lagt var fram bréf frá bæjarráði Garðabæjar þar sem tekið var jákvætt í erindi félagsins þess efnis að nefna Mýrina nafni styrktaraðila.



10. Skýrsla framkvæmdastjóra

- Framkvæmdastjóri fór yfir starfsmannamál á skrifstofunni
 - Nýr starfsmaður hefur verið ráðinn inn til áramóta í fjarveru verkefnastjóra
 - Lögð var fram staða á sumarfríi starfsmanna
- Gerð var grein fyrir sumarstarfinu
 - Kynntar voru niðurstöður könnunar um starf íþróttaskólans
 - Skemst er að segja frá því að niðurstöðurnar voru afar jákvæðar fyrir skólann.
 - Einnig kom fram í niðurstöðum að fólk óskaði eftir því að skólinn væri starfræktur lengur, t.a.m.20. ágúst.
 - Fór yfir uppgjörið á sumarskólanum sem sýndi töluvert færri nemendur í ár en árið áður
 - Hugsanleg skýring er skortur á kynningum um skólann auk þess sem fleiri námskeið voru í boði í sumar.
- Kynnt var vinna um sameiginlega búningar fyrir félagið
 - Framkvæmdastjóri áætlað að fara betur ofan í tilboðin og kynna frekar á næsta fundi aðalstjórnar.
- Framkvæmdastjóri fór yfir önnur verkefni sem eru á verkefnalistaum en ekki hefur gefist tími til að sinna.

11. Önnur mál

- Formaður fór yfir verkefnið Kynheilbrigði og velferð.
- Aðalstjórn samþykkti fyrir sitt leyti stuðning sinn við frekari framgang þess og heimilar formanni að standa að bréfaskrifum því tengdu.
-

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 21:15. Ritað J.Egils